



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/261*  
*komudagur 30.11.2005*

Félagsmálaráðuneytið  
B/t Félagsmálanefndar

## Efni : Frumvarp til laga um starfsmannaleigur

Háttvirt nefnd,

F.h. FÍA ( Félag íslenskra atvinnuflugmanna ) vill undirritaður koma eftirfarandi á framfæri við félagsmálanefnd :

Eftir að hafa skoðað frumvarp til laga um starfsmannaleigur og athugasemdir við það gerum við þessar athugasemdir :

1. Víða í texta frumvarpsins og athugasemdum við það koma fyrir orðin –
  - ... **hér á landi** ... og, ... **á Íslandi** ... ,
  - Það kemur ekki nógu skýrt fram í frumvarpinu og athugasemdunum, hvort með þessum orðum sé átt við, að verði þetta frumvarp að lögum muni þau einnig ná yfir – starfsfólk, íslenskt og útlent, sem starfar á íslenskt skráðum skipum og íslenskt skráðum flugvélum .
  - Þetta atriði verður að okkar mati að vera alveg á hreinu .
2. Í 1.gr. 1.mgr. frumvarpsins segir . “ Lög þessi gilda um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði “ .
  - Nauðsyn ber til að skilgreina hvað felst í – *innlendum vinnumarkaði* - . Er þar átt við fyrirtæki, skráð á Íslandi, sem skipta við starfsmannaleigur ?
3. Í 1.gr.2.mgr. segir : “ ... sem samkvæmt *samningi* leigir út starfsmenn sína... “
  - Er með orðunum : ... samkvæmt **samningi** ... , átt við hvorttveggja vinnusamning og **verktakasamning** ?
4. Hvað nákvæmlega er átt við með orðunum : “ ... hefur **staðfestu** ... “, sbr. 2.mgr 2.gr. frv. ?






5. Í 3. gr. frv. segir : “ Starfsmannaleiga sem veitir þjónustu á Íslandi ... “ :  
- Með orðunum – **á Íslandi**, er þá átt við að lagagreinin taki einnig til starfa, sem unnin eru af íslensku starfsfólki eða útlensku, um borð í íslenskt skráðum skipum og íslenskt skráðum flugvélum ?  
Það er brýnt að tekið sé af skarið með þetta .
6. Við teljum brýnt að ábyrgð sé lögð á þá atvinnurekendur og lögaðila, sem notfæra sér þjónustu starfsmannaleigna og að hún verði skilgreind í frumvarpinu .
7. Að okkar mati er ekki tryggt með frumvarpinu að greiða skuli starfsmönnum starfsmannaleigna lágmarkskjör skv. viðkomandi íslenskum kjarasamningi .
8. Deilur hafa verið uppi um skattskyldu og er nauðsynlegt að okkar mati að kveða á um hana með skýrum hætti í anda skilnings ríkisskattstjóra .

Hjálagt fylgja gögn, númeruð frá 1-25, til nánari skýringa á sjónarmiðum FÍA .

Kópavogi, 29. nóv. 2005

Virðingarfyllst,

  
Kjartan Norðahl, hdl  
framkvæmdastjóri FÍA